

Fundur haldin í hreppsnefnd Tjörneshrepps 13. október 2025, klukkan 17:00 í Sólvangi.

Allir aðalmenn eru mættir. Oddviti setur fund og stjórnar honum.

1. Loka gagnapakki frá Verkís vegna nýs aðalskipulags.
Oddvita falið að koma athugasemdum varðandi aðalskipulagið til rétttra aðila.
2. Tillaga að kaupum á GPS tæki til hnitsetninga jarðamerkja.
Hreppsnefnd samþykkir að kaupa pgs tæki til hnitsetningar. Oddvita falið að ganga frá kaupunum.
3. Tillaga um greiðslur fyrir fundarsetu annarra en oddvita.
Hreppsnefnd samþykkir að fundarseta fyrir aðra fundi en hreppsnefndarfundi verði samskonar og gjald fyrir fundarsetu fyrir hreppsnefndarfundi.
4. Erindi frá GG2023 ehf.
Hreppsnefnd samþykkir að auka hlutafé sitt í GG2023 samkvæmt núverandi eignarhluta.
5. Erindi frá Fjölskylduþjónustu Norðurlands eystra.
Fjölskylduþjónusta Norðurlands eystra sækir um styrk vegna verkefnis með það markmið að byrgja brunninn áður en barnið dettur ofan í hann ásamt því að efna farsæld barna fjölskyldna þeirra með snemmtækum stuðningi sem byggir á kerfisgreiningum. Farið er fram á 27.000 króna styrk frá Tjörneshreppi.
Hreppsnefnd samþykkir styrkumsóknina.
6. Skipulags og bygginarnefnd.
Fyrir liggur fundargerð Skipulags og byggingarnefndar frá 10. júní varðandi umsókn frá Eypóri Björnssyni um byggingarleyfi fyrir mykjuþró og bygginga sem reisa á yfir hana.
Hreppsnefnd staðfestir fundargerðina.
7. Umræður um sameiningu sveitarfélaganna
Þann 22. september 2025 birtist í samráðsgátt mál um breytingar á sveitastjórnarlögum nr 138/2011.
Í þriðju grein frumvarpsdraganna er lagt til að sveitarfélög með færri en 250 íbúa verði skylt að sameinast.
Oddvita falið að senda inn umsögn um málið í samráðsgáttina.
8. Fólksfækkunarframlag frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaganna.
Hreppsnefnd telur það skynsamlegt að afþakka framlag Jöfnunarsjóðs vegna fólksfækkunar að upphæð 247.643.312 krónur. Það er álit hreppsnefndar að svona hátt framlag sé fáránlegt og hreppurinn lifi vel án þess.
Oddvita falið að afþakka framlagið fyrir hönd hreppsins.

Fleira ekki gert og fundið slitið 19:00.

Katý Bjarnadóttir
Aðalsteinn J. Halldórsson
Sveinn Egilsson
Jón Gunnarsson
Smári Kárasen